

er á um í 2. gr. auglýsingar þessarar. Fyrning má þó nema 1.5% á mánuði fyrir fyrstu 6 mánuðina og síðan 1% á mánuði en um hámarksfyrningu skal farið svo sem fyrir er mælt í 2. lið 2. gr.

Samkvæmt þessari grein skal ætíð leggja matsverð til grundvallar útreikningi aðflutningsgjalda.

## 4. gr.

Tollverð notaðra bifreiða erlendra sendiráða eða sendiráðsstarfsmanna sem tollafgreiddar hafa verið skv. 8. fl. 2. gr. tollskrárlaga og seldar eru hérlendis skal fundið í samræmi við ákvæði 3. gr. en lok fyrningar skal miða við söludag.

## 5. gr.

Upphaf fyrningar samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar miðast við 1. júlí árgerðarárs viðkomandi bifreiðar en lok fyrningar við komudag flutningsfars til landsins, sbr. þó 4. gr. Hluta úr mánuði skal sleppt við útreikning fyrningar.

Árgerð bifreiðar skal sönnuð með vottorði útgefnu af opinberu skráningar-aðila í því landi, þar sem bifreiðin var fyrst tekin í notkun, eða á annan þann hátt sem tollyfirvald metur gildan.

Við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari skal hvorki taka tillit til útlits né ástands viðkomandi bifreiðar, sbr. þó 6. gr.

## 6. gr.

Nú verður mati eigi komið við skv. 1. mgr. 2. gr. og er þá tollyfirvaldi heimilt að láta fara fram sérstakt mat á viðkomandi bifreið skv. 10 gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

## 7. gr.

Ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari er endanlega bindandi og verður eigi skotið til yfirmats.

Fjármálaráðuneytið lætur gera skrá um verð á algengustu tegundum nýrra bifreiða til leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari.

## 8. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 17 11. janúar 1977 um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 8. október 1979.*

F. h. r.

**Björn Hafsteinsson.**

*Sigurgeir A. Jónsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglum nr. 193 6. maí 1977 um radióleyfi áhugamanna.

## 1. gr.

I. töluliður 13. gr. orðist svo:

I. Undanþága til aðila, sem hefur gildandi radióleyfi áhugamanna frá heima-landi sínu er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) Umsókn skal vera skrifleg og sendist IRA, sem síðan senda hana ásamt umsögn samtakanna og öðrum skilríkjum til Pósts og síma eigi síðar en 3 mánuðum áður en umsækjandi hyggst taka til starfa.
- b) Umsækjandi skal hafa gildandi amatörleyfi frá heimalandi sinu samsvarandi A-, B-, C- eða T-leyfi og skal það, eða greinilegt afrit þess, fylgja umsókninni, ásamt greinargóðum upplýsingum um tækjabúnað þann, er hann hyggst nota hérlendis.
- c) Starfsleyfi umsækjanda takmarkast af ákvæðum þessara reglna, en skal þó eigi vera víðtækara en hann hefur heimild fyrir í heimalandi sinu samkvæmt leyfisbréfi og ákvæðum þarlendra reglna.
- d) Leyfishafi skal nota kallmerki það, er honum hefur verið úthlutað í heimalandi sínu, að viðbættum bókstöfunum TF, aðskildum frá kallmerkinu með brotastriki t. d. WA3KA/TF, LG5HR/TF o. s. frv.
- e) Að öðru leyti en tekið er fram hér er leyfishafi skuldbundinn öllum öðrum ákvæðum þessara reglna og ber að haga sér samkvæmt því.

## 2. gr.

II. Töluliður 13. gr. orðist þannig:

- II. Erlendur ríkisborgari, getur sótt um að gangast undir íslenskt radióáhugamanna-próf enda hafi hann haft fasta búsetu hér á landi í heilt ár. Viðkomandi hlítir þá þessari reglugerð eins og íslenskur ríkisborgari. Leyfið gildir aðeins á Íslandi.

## 3. gr.

Við 13. gr. bætist nýr töluliður svohljóðandi:

- III. Framangreind ákvæði 13. gr. eru háð þeim takmörkunum að hermenn eða starfsmenn herliðs, sem dvelja hér á landi á vegum erlends stjórnvalds eða lýtur yfirstjórn erlends stjórnvalds eða fjölbjóðasamtaka, skulu einungis hafa heimild til að starfrækja eina radióáhugamannastöð í sameiningu með erlendu kallmerki að viðbættum bókstöfunum TF, aðskildum frá kallmerkinu með brotastriki. Sú takmörkun sem felst í þessari málsgrein gildir jafnframt um aðra þá erlenda ríkisborgara, sem hér eru vegna dvalar erlends herliðs.

## 4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 70 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Samgönguráðuneytið, 11. október 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### um heimilisþjónustu á Seltjarnarnesi.

## 1. gr.

Bæjarstjórn fer með yfirstjórn heimilisþjónustunnar á Seltjarnarnesi.

Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum félagsmálafulltrúa, er bæjarstjórn ræður til starfa.